

Fimmtudaginn 19. september 1996.

Nr. 405/1995.

**Guðmundur Kristinsson**

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

**Péttri Ólafi Péturssyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Verksamningur. Málskostnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. desember 1995. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hin áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

#### **I.**

Svo sem greinir í héraðsdómi, reisir áfrýjandi kröfur sínar einkum á því, að stefndi hafi í byrjun vetrar 1994 gert honum munnlegt tilboð um að fylla upp í sökklá húsgrunna á lóðunum nr. 1, 3 og 5 við Viðarrima í Reykjavík. Hafi tilboðið verið 580 krónur fyrir hvern rúmmetra af fyllingarefni, sem sett yrði í grunnana. Innifalið í þeirri tölu hafi jafnframt verið jöfnun og þjöppun efnisins. Tilboð þetta hafi hann samþykkt. Vísar áfrýjandi í því sambandi til ódagsetts uppgjorsblaðs, sem stefndi hafi afhent sér 16. desember 1994. Í því geri stefndi meðal annars ráð fyrir greiðslu fyrir 286 rúmmetra af fyllingarefni á 580 krónur hvern rúmmetra. Þetta skjal staðfesti því, að samið hafi verið um fast verð fyrir hverja einingu efnis, sem flutt yrði í húsgrunnana.

Við skýrslugjöf fyrir héraðsdómi kannaðist stefndi ekki við, að uppgjorsblað þetta væri frá sér komið. Taldi hann það hafa orðið til fyrir tilverknað áfrýjanda sjálfs. Hins vegar væri efni annars ódagsetts uppgjorsblaðs í samræmi við reikning, sem stefndi gerði áfrýjanda vegna verksins 20. desember 1994. Er þar gert ráð fyrir sama efnismagni, en verð fyrir hvern rúmmetra efnis skyldi vera 920 krónur. Þá neitaði stefndi einnig að hafa gert fast tilboð í verkið,

heldur skyldi samkvæmt samningi aðila greitt fyrir það eftir reikningi hans, þar sem sanngirni yrði gætt.

Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti lagði áfrýjandi fram ný skjöl, er lúta að rannsókn skjala hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins. Óskaði lögmaður hans þess, að gerð yrði rithandarrannsókn á báðum fyrrnefndum uppgjörslöðum og reikningi stefnda, til að komist yrði að niðurstöðu um, hvort þau væru rituð af sama skrifara, en öll skjölin eru handrituð. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú, að yfirgnæfandi líkur voru taldar á því, að skjölin þrjú væru skrifuð af einum og sama manni. Þá var einnig óskað rannsókna á því, hvort sá, sem skrifaði eitt eða fleiri þessara skjala, hefði einnig ritað nafn eiginkonu stefnda í undirskriftarlið á birtingarvottorði, er fylgdi áfrýjunarstefnu í málinu frá stefnuvotti. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú, að miklar líkur væru á, að nafnið væri skrifað af sama manni og öll áðurnefnd þrjú skjöl.

Í innheimtubrési lögmanns stefnda til áfrýjanda 2. janúar 1995, þar sem hann var krafinn um þá greiðslu, sem mál þetta varðar, segir, að skuld áfrýjanda sé samkvæmt reikningi vegna grúsarfyllingar og aksturs við Viðarrima 1, 3 og 5. Þá segir jafnframt: „Áður hafði verið gert tilboð, sem miðaðist við staðgreiðslu og með fyrirvara um hækkun, ef ekki væri greitt fyrir 20. 12. 1994.“ Þessi sömu ummæli koma fram í lýsingu málsatvika í héraðsdómsstefnu.

Þegar til alls framangreinds er litið, þykir nægjanlega leitt í ljós, að uppgjörslað frá 16. desember 1994 sé frá stefnda komið. Verður jafnframt að telja, að þar sé miðað við þann samning um verð fyrir hverja einingu fyllingarefnis, sem áfrýjandi heldur fram í málalíbúnaði sínum, að hafi verið gerður fyrir upphaf verksins. Hefur stefndi ekki gegn andmælum áfrýjanda stutt neinum haldbærum rökum, að það fái samrýmt samningi þeirra, að boð um uppgjör samkvæmt umræddu skjali frá 16. desember 1994 félli niður, ef greiðsla bærst ekki fyrir 20. sama mánaðar, en reikningur stefnda, sem hann reisir kröfur sínar á, er dagsettur þann dag og var afhentur degi síðar.

## II.

Áfrýjandi hefur mótmælt því, að magn fyllingarefnis hafi verið svo mikið sem greinir í uppgjorsblaði stefnda frá 16. desember 1994. Samkvæmt mælingu tæknifræðings hafi rúmmetrafjöldi efnis í grunnunum verið 204,2, en ekki 286, svo sem stefndi hafi lagt til grundvallar. Við það hefur áfrýjandi bætt 28 rúmmetrum efnis, sem ekki hafi verið tekið tillit til í þessari mælingu. Sá, sem mælinguna gerði, hefur ekki komið fyrir dóm í málinu. Með vísan til þeirra skýringa, sem stefndi gaf á hærri tölunni við skýrslugjöf fyrir héraðsdómi, þykir mega leggja hana til grundvallar niðurstöðu í málinu.

Í uppgjorsblaði frá 16. desember 1994 hefur stefndi gert ráð fyrir sérstakri greiðslu fyrir að jafna út fyllingarefni í húsgrunnunum. Hefur áfrýjandi mótmælt því, að þetta fái samrýmst samningi aðila, þar sem greiðsla fyrir að jafna út efni hafi verið innifalin í umsömdu einingarverði fyrir hvern rúmmetra þess. Hið sama gildi um þjöppun efnisins, og hefur hann dregið frá greiðslu til stefnda fjárhæð, sem hann telur nema ógreiddum kostnaði sínum við að vinna það verk sjálfur. Hefur áfrýjanda hvorki tekist sönnun þess, að samið hafi verið um, að áðurgreind verk skyldu vera innifalin í einingarverði fyrir efni, sem flutt yrði í húsgrunnana, né að venja hafi gilt um slíka tilhögun í tilboðum á þessu sviði.

Samkvæmt framangreindu verður lagt til grundvallar dómi, að áfrýjanda beri að greiða stefnda þá fjárhæð, 216.880 krónur, sem tilfærð er fyrir verkið í heild á uppgjorsblaði stefnda 16. desember 1994, en á því eru nokkrir liðir, sem ekki sæta ágreiningi. Frá þeirri fjárhæð ber að draga tvær innborganir stefnda, samtals 125.571 krónu, en af mismuninum ber honum að greiða dráttarvexti frá þeim tíma, sem í dómsorði greinir, sbr. 3. mgr. 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Með vísan til c-liðar 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi hins vegar dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

## D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Guðmundur Kristinsson, greiði stefnda, Péttri Ólafi Péturssyni, 91.309 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt

III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. janúar 1995 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 9. nóvember 1995.**

Ár 1995, fimmtudaginn 9. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-1871/1995: Pétur Ólafur Pétursson gegn Guðmundi Kristinssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. október sl., er höfðað með stefnu, út gefinni 13. febrúar sl. og birtri 22. febrúar sl.

Stefnandi er Pétur Ólafur Pétursson, kt. 240467-3139, Miðhúsum 1, Reykjavík.

Stefndi er Guðmundur Kristinsson, kt. 310550-2999, Brekkuseli 31, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 439.945 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 439.945 kr. frá 20. 12. 1994 til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum, að fjárhæð 100.000 kr. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu með hliðsjón af gjaldskrá Lögfræðipjónustunnar hf.

Málavextir eru þeir, að stefnandi reisir kröfu sína á reikningi nr. 32, dagsettum 20. 12. 1994, með gjalddaga sama dag, að fjárhæð 439.945 kr. Stefnandi segir reikninginn vera vegna „grús“-fyllingar og aksturs við Viðarrima 1–5 hér í borg, og segir í stefnu, að áður hafi verið gert tilboð, sem miðaðist við staðgreiðslu og með fyrirvara um hækkun, ef ekki væri greitt fyrir 20. 12. 1994. Sé reikningur gerður miðað við greiðslu eftir þann tíma. Stefnandi kveður verk, sem unnið var við Viðarrima 1–3, vera innifalið í ofangreindum reikningi, en kostnaður vegna þess verks er í stefnu talinn vera 102.398 kr. Greiddar voru inn á skuldina 20. 12. 1994 100.000 kr., og við munnlegan flutning málsins viðurkenndi stefnandi, að einnig ætti að draga frá stefnukröfunni greiðslu, að fjárhæð 25.571 kr.

Stefndi hefur lýst atvikum þannig, að stefnandi hafi tekið að sér að fylla í sökkla þriggja einbýlishúsa, sem stefndi var með í smíðum að Viðarrima 1–5. Var hvert hús 140 til 150 fermetrar að grunnfleti og hæð sökkla 70 cm. Stefndi kvað tilboð stefnanda hljóða upp á 580 krónur á rúmmetra, þ. m. t.

jöfnun undir plötu. Hafi akstur með sand verið innifalinn og reiknaður á 2.000 kr. hver ferð, og vinna með gröfu reiknaðist á 2.000 kr. hver klukkustund. Að mati stefnda var virðisaukaskattur innifalinn í tilboðinu. Stefndi kvaðst hafa samþykkt þetta tilboð, og hófst stefnandi handa, en sóttist verkið seint að mati stefnda. Stefndi kvað stefnanda hafa haft samband við sig 9. desember 1994 og sagðist vera hættur og óskaði eftir uppgjöri. Stefndi kvað stefnanda hafa komið 16. desember 1994 með uppgjörsblað, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 6, en samkvæmt því bar stefnda að greiða stefnanda 216.880 kr. fyrir verkið. Stefndi kvaðst hafa mótmælt nokkrum reikningsliðum og ítrekað nauðsyn þess, að reikningur bærist. Stefndi kvað reikning ásamt nýju útreikningsblaði hafa borist 21. desember 1994, og var reikningsfjárhæð þá 439.945 kr. Stefndi kvaðst strax hafa mótmælt þessari reikningsfjárhæð og svarað innheimtubréfi stefnanda, dagsettu 2. janúar sl., 6. janúar sl. Kom þar fram útreikningur á verkþætti stefnanda á grundvelli tilboðs hans og upplýsinga um efnismagn reistra á útreikningi Páls L. Páls-sonar tæknifræðings. Að mati stefnda bar honum að greiða fyrir verkþátt stefnanda 161.676 kr. að frádregnum innágreiðslum, samtals 125.571 kr. Stefndi kvað innifalda í tilboðsverði stefnanda þjöppun á þeirri „grús“, sem stefnandi kom með. Hafi stefnandi ekki sinnt því, og varð stefndi fyrir útgjöldum vegna þess, og nam sá kostnaður með virðisaukaskatti 36.105 krónum að mati stefnda. Kvað stefndi sig því að fullu hafa efnt samnings-skyldur sínar við stefnanda.

### *Málsástæður og lagarök.*

Stefnandi reisir kröfu sína á reikningi, sem gerður var miðað við greiðslu eftir 20. 12. 1994, og vísar til meginreglna kröfuréttar um efndir fjárskuld-bindinga, sem fá lagastoð m. a. í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjald-daga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfu um dráttarvexti, þ. m. t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxta-laga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi vísar til þess, að samið hafi verið um það einingarverð, sem fram kemur á útreikningsblaði á dskj. nr. 6. Kannast stefndi ekki við, að tilboðið hafi verið háð fyrirvörum um hækkun á einingarverði, ef ekki yrði greitt fyrir ákveðinn tíma, og hafi hann fyrst heyrt um þetta, þegar hann fékk útreikningsblað stefnanda í hendur 16. desember 1994. Hafi hann þá verið búinn að greiða 100.000 kr. inn á verkið og þá þegar gert athugasemdir. Jafn-framt hafi stefnandi ekki framvísað reikningi fyrr en 21. desember 1994, en reikningurinn sé dagsettur 20. desember s. á. Hafði kröfufjárhæð þá hækkað frá 16. desember úr 216.880 krónum í 439.945 krónur. Þá skírskotar stefndi

til þess, að í tilboði stefnanda hafi verið innifalinn virðisaukaskattur, eins og venja er og óbeint komi fram á útreikningseyðublaði á dskj. nr. 6. Er því mótmælt, að stefnanda hafi verið heimilt að bæta virðisaukaskatti við áður umsamið einingarverð. Þá kveður stefndi breikkun á malarpúða vera stefnda óviðkomandi. Stefndi telur umsamið einingarverð sanngjarnt. Hafi það verið forsenda þess, að stefndi tók tilboði stefnanda, að verð stefnda var nokkru lægra en verktaki sá tók, sem annars vann fyrir stefnda. Stefndi vísar til almennra reglna kröfu- og samningaréttar um gildi samninga. Þá vísar stefndi til 6. gr. kaupalaga nr. 39/1922 um nauðsyn þess að framvísa reikningi, sbr. einnig 20. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefndi vísar enn fremur til 20. gr. laga nr. 8/1993 um óréttmæta viðskiptahætti. Kröfu um málskostnað reisir stefndi á XXI. kafla l. nr. 91/1991.

Við aðalmeðferð málsins komu fyrir dóminn til skýrslugjafar stefnandi, Pétur Ólafur Pétursson, og stefndi, Guðmundur Kristinsson. Þá komu fyrir dóminn sem vitni Gísli Hjartarson, kt. 150460-3369, og Jón Magnús Pálsson, kt. 221154-4879.

Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi lýsti stefnandi yfir því, að hann hefði ekki lokið umræddu verki sökum þess, að greiðslur bárust ekki. Kvað stefnandi ekki hafa verið samið fyrir fram um ákveðið einingarverð fyrir verkið, en stefndi beðið stefnanda um sanngirni í reikningsgerð sinni.

Stefndi skýrði svo frá í aðilaskýrslu sinni, að alengt væri, að jöfnun og þjöppun væri innifalin í tilboðum af því tagi, sem hér um ræðir. Stefnandi hafi hins vegar ekki sinnt þessum verkþætti, og þá hafi verk hans dregist mjög.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Telja verður, að lögskipti aðila í máli þessu hafi verið verslunarkaup í merkingu 4. gr. laga nr. 39/1922.

Dskj. nr. 6 og 8, sem stefndi hefur lagt fram í máli þessu, eru óundirrituð, og við meðferð málsins hefur ekki verið upplýst, hver hafi unnið þau, og vísa aðilar hvor á annan. Hefur stefnda því ekki tekist að sanna, að aðilar hafi samið fyrir fram um ákveðið einingarverð. Óumdeilt er, að stefnandi framvísaði reikningi til stefnda ekki síðar en 21. desember 1994. Ekki hefur verið sýnt fram á það, að stefndi hafi mótmælt reikningi þessum fyrir en 6. janúar sl., eftir að honum barst innheimtubréf stefnanda, dagsett 2. janúar sl. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það í máli þessu, að reikningur stefnanda sé bersýnilega ósanngjarn.

Samkvæmt meginreglu 6. gr. laga nr. 39/1922 ber stefnda að greiða stefnanda það gjald fyrir verk sitt, sem í ofangreindum reikningi stendur, enda er ósannað, að samið hafi verið um lægra verð fyrir verkið. Telja verður

mótmæli stefnda við reikningnum of seint fram komin, og þá verður ekki talið, að reikningur stefnanda sé bersýnilega ósanngjarn. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, allt að frádreginni 125.571 kr.

Málskostnaður ákveðst 80.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Kristinsson, greiði stefnanda, Pétri Ólafi Péturssyni, 439.945 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 20. 12. 1994 til greiðsludags, allt að frádreginni 125.571 krónu, og 80.000 kr. í málskostnað.

---